


# Leiðbeiningar um útfyllingu landbúnaðarskýrslu RSK 4.08

**2015**





# ... Efnisyfirlit ...

	Blaðsíða
<b>Fyrsta síða</b>	
Hrein eign .....	3
Hreinar tekjur .....	3
Reiknað endurgjald .....	3
Yfirlit yfir ónotað tap .....	3
Áritun og undirskrift .....	3
<b>Önnur síða</b>	
Rekstrartekjur .....	4
Teknamat af landbúnaði .....	4
Almennt um útfyllingu rekstrartekna .....	4
Rekstrargjöld m.t.t. vsk .....	4
Almennt um útfyllingu rekstrargjalda .....	5
<b>Þriðja síða</b>	
Önnur rekstrargjöld .....	6
Aðrar tekjur og gjöld .....	6
Skattalegar færslur / leiðréttingar á tekjum .....	6
<b>Fjórða síða</b>	
Efnahagsreikningur .....	7
Eignir .....	7
Staðgreiðsla af fjármagnstekjum .....	7
Skuldir og eigið fé .....	7
Skuldir .....	8
Eigið fé .....	8
Skattalegar færslur / leiðréttingar á eign .....	8
<b>Fimmta síða</b>	
Uppgjör birgða .....	9
Uppgjör virðisaukaskatts .....	9
Greinargerð um skiptingu milli eigenda félagsbúa .....	9
Sundurliðunartafla .....	9
Athugasemdir .....	9
<b>Sjötta síða</b>	
Bústofn .....	10
Eignamat búfjár í árslok 2014 .....	10
Dæmi um eignfærslu vegna kaupa á lífdýrum .....	10
<b>Reiknað endurgjald bænda, maka þeirra og barna</b>	
Reiknað endurgjald bænda, maka þeirra og barna tekjuárið 2014 .....	11
<b>Annað</b>	
Beingreiðslur úr ríkissjóði .....	12
Sala greiðslumarks .....	12
Dreifing söluhagnaðar .....	12
Meðferð söluhagnaðar ófyrnanlegra eigna .....	12
Uppataka nýrra búgreina .....	12
Tjónabætur .....	12
Styrkir vegna búháttabreytinga .....	12
Kaup á greiðslumarki .....	13
Greiðslur fyrir sumardvöl barna og frádráttur frá þeim .....	13
Afstemming virðisaukaskatts .....	13
Annar rekstur .....	13
Reglur um fyrningar .....	13
Netframtal 2015 .....	13
Reglugerð um skattalega meðf. á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði .....	14
Dæmi um færslu nokkurra gjaldaliða á rekstrarreikning .....	15

## A. Hrein eign

Í þessum kafla fer fram uppgjör hreinnar eignar. Jákvæð fjárhæð í línu 3 færist í reit 01 í kafla 4.5 á persónuframtali. Neikvæð fjárhæð í línu 3 færist í reit 165 í kafla 5.4 á persónuframtali.

## B. Hreinar tekjur

Í þessum kafla fer fram uppgjör hreinna tekna. Jákvæð fjárhæð í línu 10 færist í reit 62 á persónuframtali. Neikvæð fjárhæð færist þar ekki.

Samkvæmt ákvæðum 3. tl. 1. mgr. 62. gr. skattalaganna skal uppgjöri hreinna tekna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi hagað eftir því hvort annað hjóna eða bæði sameiginlega standa fyrir rekstrinum:

### Annað hjóna stendur fyrir rekstrinum

Þegar annað hjóna stendur fyrir rekstrinum skal það hjóna vera skráð fyrir viðkomandi rekstri á þeim gögnum sem send eru skattfyrvöldum. Ákvæði 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003 og 6. gr. laga nr. 45/1987 um reiknað endurgjald beinist aðeins að þeim aðila sem stendur fyrir rekstrinum.

Hreinar tekjur færast til tekna eða færast á móti rekstrartapi af annarri atvinnustarfsemi eða sjálfstæðri starfsemi þess hjóna. Á sama hátt kemur rekstrartap aðeins til frádráttar hreinum tekjum af öðrum atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þess hjóna eða á móti hreinum tekjum þess á næsta eða næstu árum.

### Hjón standa bæði fyrir rekstrinum

Þegar hjón standa bæði fyrir rekstrinum sameiginlega skal skrá nöfn beggja á þau gögn sem send eru skattfyrvöldum.

Ákvæði 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003 og 6. gr. laga nr. 45/1987 beinast þá að báðum hjónum.

Hreinum tekjum skal skipta milli hjóna í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig árið 2014. Hreinar tekjur, þannig reiknaðar, færast á móti rekstrartapi af öðrum atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þess hjóna sem þann atvinnurekstur eða þá sjálfstæðu starfsemi rekur. Á sama hátt kemur rekstrartap af búrekstrinum eingöngu til frádráttar hreinum tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þess hjóna sem þann atvinnurekstur eða sjálfstæðu starfsemi rekur.

Athugið að þegar hjón standa bæði að rekstri, og um yfirfæranleg töp er að ræða, þarf að sundurliða töp hvors um sig, annað hvort með því að fylla út fyrstu síðu á annarri landbúnaðarskýrslu eða með því að fylla út samræmingarblað, RSK 4.05.

## C. Reiknað endurgjald

Maður sem vinnur við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, svo sem við landbúnað, skal skv. ákvæðum 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 2. tl. 4. og 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu, telja sér til tekna endurgjald fyrir starf sitt.

Standi hjón sameiginlega að rekstri búsinns teljast þau bæði bændur í merkingu greinarinnar. Skv. 7. gr. laga nr. 90/2003, skal á sama hátt reikna endurgjald fyrir starf þess maka sem ekki telst vera rekstraraðili búsinns en vinnur þó við búíð, svo og vegna starfa barna þeirra, yngri en 16 ára, við búíð. Mat á vinnuframlagi maka og barna og reiknað endurgjald í því tilfalli má ekki vera hærra en tekjur þess hefðu numið ef unnið hefði verið hjá óskyldum eða ótengdum aðila, sbr. 2. mgr. 58. gr. laganna.

Að jafnaði skal færa á skattframtal 2015 það reiknaða endurgjald bónda og maka hans sem staðgreiðsla á árinu 2014 var miðuð við. Viðmiðunarreglur til ákvörðunar á endurgjaldi bænda og maka þeirra fyrir staðgreiðsluárið 2014 eru birtar á bls. 11.

Reiknað endurgjald bónda, maka hans og barna þeirra er miðað annars vegar við vinnuframlag þeirra við búreksturinn og hins vegar við vinnuframlag þeirra við framkvæmdir sem ber að tekjufæra. Bóndi, sem af einhverjum ástæðum telur fram lægra endurgjald fyrir starf sitt en viðmiðunarreglurnar segja til um, skal gera sérstaka grein fyrir aðstæðum sínum, svo sem ef hann hefur orðið fyrir áföllum vegna árferðis eða annarra atriða sem máli skipta og ekki er tekið tillit til í viðmiðunarreglunum, svo og vegna aldurs, heilsu og starfstíma, vinnu utan búrekstrar eða aðkeyptrar vinnu.

## D. Yfirlit yfir ónotað tap

Í þessa töflu skal sundurliða tap eftir rekstrarárum, sem og hvernig það er notað á móti hagnaði.

Heimilt er að draga frá tekjum eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum á undan tekjuári, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu.

### Áritun og undirskrift

Standi hjón bæði að búrekstrinum skal skrá bæði nöfnin á skýrsluna og önnur fylgigögn. Ef um samrekstur (félagsbú) er að ræða skal rita einkennisnafn þess í nafnreit en gera grein fyrir eigendum, eignarhlutföllum, skiptingu þeirra á reiknuðu endurgjaldi, hagnaði eða tapi og eigin fé á 5. bls.

**Dagsetja og undirrita skal skýrsluna.**

## Rekstrartekjur

Mjög áriðandi er að allar tekjur séu nákvæmlega sundurliðaðar. Tekjur skulu tilgreindar án virðisaukaskatts. Allt sem selt er frá búi skal talið á því verði sem fyrir það fæst. Ef það er greitt í vörum, vinnu eða þjónustu ber að færa greiðslurnar til peningaverðs og telja til tekna á sama verði og fæst fyrir tilsvarendi vörur, vinnu eða þjónustu sem seldar eru á hverjum stað og tíma. Beingreiðslur úr ríkissjóði skal færa til tekna í línunum 1 og 3 (ekki vsk).

Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, garðávexti, gróðurhúsaafurðir, hlunnindaafurðir), svo og heimilisiðnað, skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarendi afurðir sem seldar eru á hverjum stað og tíma.

Sé söluverð frá framleiðanda hærra en útsöluverð til neytenda vegna niðurgreiðslu á afurðaverði skulu þó þær heimanotuðu afurðir sem svo er ástætt um taldar til tekna á útsöluverði til neytenda. Reikna ber virðisaukaskatt á heimanot og skila í ríkissjóð (ath. matvæli báru 7% vsk. á árinu 2014).

Þar sem mjólkurskýrslur eru ekki haldnar skal áætla heimanotað mjólkurmagn.

Með hliðsjón af framangreindum reglum hefur matsverð án virðisaukaskatts verið ákveðið í skattmati ríkisskattstjóra á eftirtöldum búsafurðum til heimanotkunar þar sem ekki er hægt að styðjast við markaðsverð:

## Teknamat af landbúnaði árið 2014

	Verð án vsk. kr.
Mjólk .....	83 kr. hver lítri
Egg .....	459 kr. hvert kg
Kartöflur .....	81 kr. hvert kg
Rófur .....	129 kr. hvert kg
Gulrætur .....	290 kr. hvert kg
Lambakjöt .....	634 kr. hvert kg
Kjöt af veturgömlu fé .....	278 kr. hvert kg
Annað kjöt af sauðfé .....	180 kr. hvert kg
Ungnautakjöt .....	628 kr. hvert kg
Annað kjöt af nautgripum .....	408 kr. hvert kg
Folaldakjöt .....	278 kr. hvert kg
Annað kjöt af hrossum .....	100 kr. hvert kg
Grísakjöt .....	458 kr. hvert kg
Annað svínakjöt .....	323 kr. hvert kg
Kalkúnar, endur og gæsir .....	640 kr. hvert kg
Annað fuglakjöt .....	429 kr. hvert kg
Fiskur .....	500 kr. hvert kg

## Almennt um útfyllingu rekstrartekna

Tekjuliðum í þessum kafla er skipt í þrjá dálka m.t.t. virðisaukaskatts:

Í dálk „Vsk. 25,5%“ skal færa tekjuliði sem myndað hafa stofn til útskatts í 25,5% þrepi. Í dálk „Vsk. 7%“ skal færa tekjuliði sem myndað hafa stofn til útskatts í 7% þrepi. Í dálk

„Ekki vsk.“ skal færa tekjuliði sem ekki hafa myndað stofn til útskatts. Í hverja línu skal færa heimanot eftir atvikum.

### 17 Velta undanþegin virðisaukaskatti sbr. 2. gr.

Hér skal færa tekjur af starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Hér skal færa t.d. tekjur fyrir beit og slægjur, veiðileigutekjur og leigu fyrir land. Verið getur að framteljandi hafi bæði með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Starfsemi hans er þá sögð **blönduð**. Í þennan reit færast þá eingöngu sú sala eða afhending sem undanþegin er skv. umræddu lagaákvæði. Minnt skal á að þeir sem eru með blandaða starfsemi þurfa að skila eyðublaði RSK 10.27, Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi.

Hér skal ekki færa tekjur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi sem undanþegnar eru skv. 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. vegna útflutnings, færa skal þær í dálkinn „Ekki vsk.“ í viðeigandi línu.

### 18 Söluhagnaður skv. eignaskrá RSK 4.01

Í þessa línu skal færa söluhagnað af seldum eignum á árinu. Útreikningur á söluhagnaði skal sýndur á eignaskrá RSK 4.01.

### 19 Aðrar tekjur sbr. sundurliðunartöflu (ath. reit 53)

Í þessa línu skal telja allar aðrar tekjur en þær sem ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að færast í áður taldar línur. Hér gæti til dæmis verið um að ræða tekjur af seldum rekavið eða eggjatöku. Einnig tilfallandi tekjur af véla- og tækjaleigu, leigu eftir búfé, berjaleyfi, tilfallandi tekjur af tamningu hrossa, tilfallandi tekjur af þjónustu við ferðamenn og tekjur af sand- og malarnámi. Þá ber jafnframt að telja hér ýmsa rekstrarstyrki og endurgreiðslur. Eigin vinnu bónda, maka hans og barna vegna framkvæmda og byggingar útihúsa ber að telja hér til tekna.

Óendurkræfa styrki til að standa straum af kostnaði við mannvirkjagerð, véla- og tækjakaup eða endurbætur skal færa til lækkunar á stofnverði viðkomandi eigna. Ef fjárhæð styrksins liggur ekki fyrir á sama ári og framkvæmdum eða kaupum á eignum er lokið skal lækka fyrningargrunn þessara eigna á eignaskrá þess árs sem styrkurinn er greiddur.

Sundurliða skal tekjur sem færðar eru í þessa línu í sundurliðunartöflu á síðu 5. Ef sundurliðanirnar rúmast ekki í töflunni skal gera grein fyrir þeim á fylgiblaði með framtali. Hér skal **ekki** færa tekjur, bætur og styrki sem liggja utan vsk. (falla ekki undir 12. gr. vsk. laga). Slíkar tekjur skal færa í reit 53 í kaflanum „Aðrar tekjur og gjöld“.

## Rekstrargjöld m.t.t. vsk

Á sama hátt og með tekjur er áriðandi að gjöld séu nákvæmlega sundurliðuð. Gjöld skal tilgreina án virðis-

aukaskatts ef þau hafa verið innsköttuð. Allar launagreiðslur, hvort sem um er að ræða í peningum, fæði, fóðrun búfjár eða öðru, skal gefa upp á launamiðum sem senda skal til ríkisskattstjóra.

Sömmuleiðis skal gefa upp greiðslur til verktaka og verkstæða, svo og fyrir vélavinnu og akstur. Land-, tækja- og búfjárleigu skal gefa upp á Greiðslumiða RSK 2.02 sem fæst á afgreiðslum ríkisskattstjóra eða á rsk.is og skal hann fylgja framtali. Allar fjárhæðir á launa- og greiðslumiðum skulu gefnar upp með virðisaukaskatti auk þess sem tilgreina ber virðisaukaskatt sérstaklega á greiðslumiðum. Launagreiðslur vegna framkvæmda, svo og húsbygginga, sbr. húsbyggingarskýrslu, má ekki færa til gjalda. Sé hluti launa til hjúa vegna þessa skal aðeins færa til gjalda þann hluta þeirra sem tilheyrir búrekstrinum.

Launagreiðendur, sem ekki færa sérreikning yfir fæðis- kostnað launþega sinna, mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi 1.121 kr. fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds, enda sé frítt fæði launþegans og fjölskyldu hans hluti af launakjörum hans.

## Almennt um útfyllingu rekstrargjalda

Gjaldaliðum í þessum kafla er skipt í þrjá dálka m.t.t. virðisaukaskatts:

Í dálk „Vsk. 25,5%“ skal færa gjaldaliði sem myndað hafa stofn til innskatts í 25,5% þrepi. Í dálk „Vsk. 7%“ skal færa gjaldaliði sem myndað hafa stofn til innskatts í 7% þrepi. Í dálk „Ekki vsk.“ skal færa gjaldaliði sem ekki hafa myndað stofn til innskatts.

Gjöld skulu talin fram án virðisaukaskatts, ef innskattað er í bókhaldi, en með virðisaukaskatti að öðrum kosti. Ef innkaup eru bæði vegna virðisaukaskattsskyldra nota og nota vegna starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti, ber að færa þann hluta innkaupanna sem ekki varðar hina virðisaukaskattsskyldu starfsemi í dálkinn „Ekki vsk.“

### 21 Fóður

Í þessa línu skal færa keypt fóður á árinu. Undir þennan lið fellur m.a. kaup á kjarnfóðri, graskögglum, fóðursalti og lýsi.

### 23 Áburður og sáðvörur

Í þessa línu skal færa kaup á áburði, fræi og útsæði.

### 25 Rekstrarkostnaður búvéla og bifreiða (annarra en fólksbifreiða)

Í þessa línu skal færa allan rekstrarkostnað búvéla og bifreiða, annarra en fólksbifreiða þ.m.t. jeppa. Hér skal því færa hráolíu, bensín, smurolíur, dekkjakaup, viðgerðir og varahluti, tryggingar og annan kostnað sem tilheyrir rekstrarkostnaði þessara tækja.

### 26 Rekstrarvörur

Í þessa línu skal færa kostnað vegna rekstrarvöru. Hér undir fellur t.d. rúlluplast, bindigarn, kaðlar og hreinlætisvörur í fjósi. Hér skal einnig færa kaupverð eigna og eignasamstæða sem eru undir viðmiðunarmörkum skv. 39. gr. skattalaga (250.000 kr. fyrir rekstrarárið 2014) og er því heimilt að gjaldfæra að fullu á kaupári.

### 29 Flutningskostnaður

Í þessa línu skal m.a. færa kostnað vegna flutninga á mjólk, sláturfé og rekstrarvörum.

### 30 Ýmis aðkeypt þjónusta

Í þessa línu skal færa ýmsa aðkeypta þjónustu. Undir þetta falla t.d. lyf og dýralækniskostnaður, sæðingakostnaður, folatollar, kostnaður við bókhald og lögfræðipjónustu fyrir búreksturinn og önnur aðkeypt þjónusta. Aðkeypta þjónustu skal gefa upp á launamiða.

### 32 Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)

Í þessa línu skal færa rekstrarkostnað vegna fasteigna. Hér getur t.d. verið um að ræða kostnað vegna trygginga, vatns, rafmagns, hita o.s.frv. Hér skal einnig færa fasteignagjöld (fasteignaskattar, lóðarleiga, vatnsskattur). Athuga skal að rekstrarkostnaður af íbúðarhúsnæði færir ekki til gjalda. Hér skal einnig færa leigukostnað vegna húsnæðis.

### 33 Kaupverð lífdýra

Í þessa línu skal færa kaupverð lífdýra. Ef kaupverð lífdýra á árinu 2014 fer yfir 250.000 kr. þarf að dreifa gjaldfærslu kaupverðs, sbr. rgl. nr. 213/2001, sjá bls. 14. Ekki er heimilt að færa til gjalda matsverð keyptrra lífdýra. Sundurliða skal keypt lífdýr, eftir tegund, á síðu 6 og tilgreina skal kaupverð, nafn og kennitölu seljanda á bls. 5 í kaflanum „Athugasemdir“.

### 36 Afskrifaðar viðskiptakröfur

Í töflu neðst á blaðinu skal færa afskriftir viðskiptakrafna er beint tengjast atvinnurekstrinum, og urðu sannanlega tapaðar á árinu 2014. Fjárhæðirnar sem hér færast skulu vera án virðisaukaskatts og þær sömu og miðað skal við á virðisaukaskattsskýrslum.

Skattaleg niðurfærsla viðskiptakrafna (5%) færir ekki hér, heldur færir niðurfærslan í upphafi reikningsárs í línu 59 og niðurfærslan í lok reikningsárs í línu 60.

### 37 Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu

Í þessa línu fellur allur kostnaður sem ekki er sérstaklega gert ráð fyrir að færir í aðrar línur. Sundurliða skal kostnað sem færður er í þessa línu í sundurliðunartöflu á síðu 5. Ef sundurliðanirnar rúmast ekki í kaflanum skal gera grein fyrir þeim á fylgiblaði með framtali.

## Önnur rekstrargjöld

### 39 Reiknað endurgjald

Í þessa línu skal færa reiknað endurgjald vegna vinnu manns við eigin atvinnurekstur og fyrir vinnu maka og barna innan 16 ára aldurs. Nánari sundurliðun skal gerð á bls. 1.

### 40 Laun (greidd laun og hlunnindi)

Í þessa línu skal færa öll greidd laun. Bent skal á að skila skal launamiðum vegna þeirra.

### 41 Mótframlag í lífeyrissjóð

Hér færast mótframlag í lífeyrissjóð sem greitt er af rekstraraðila.

### 42 Önnur launatengd gjöld

Í þennan reit skal færa útgjöld vegna launamanna, önnur en mótframlag í lífeyrissjóð, sem reiknast af launum eða á annan hátt miðast við laun. Hér á meðal eru t.d. tillög til sjúkratrygginga, tryggingagjald og önnur hliðstæð gjöld.

### 46 Bifreiðakostnaður skv. rekstraryfirliti fólksbifreiðar RSK 4.03

Í þessa línu skal færa kostnað af fólksbifreið (þ.m.t. jeppa) sem bæði er notuð í eigin þágu og vegna atvinnurekstrar. Kostnaði vegna rekstrar bifreiðar skal skipt milli einkanota og atvinnurekstrar eftir notkun hennar í samræmi við reglur sem koma fram á eyðublaði RSK 4.03. Hér færast því aðeins sá hluti kostnaðarins sem er vegna atvinnurekstrarins. Yfirliti yfir kostnað hvorrar einstakrar fólksbifreiðar, þ.e. eyðublaði RSK 4.03, skal skila með skattframtali. Kostnaður tilgreindur á RSK 4.03 skal byggja á kostnaðargögnum.

### 47 Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01

Í þessa línu skal færa fyrningar og niðurfærslu eigna skv. eignaskrá RSK 4.01 fyrir 2014 sem fylgja á framtali. Bent skal á að ef kaupverð eigna og eignasamstæða var yfir viðmiðunarmörkum skv. 39. gr. skattalaga (250.000 kr. fyrir rekstrarárið 2014) er ekki heimilt að gjaldfæra eignina heldur ber að eignfæra hana og fyrna.

### 49 Rekstrargjöld samtals

Í þennan reit skal færa samtölu rekstrargjalda af síðu 2 skv. línu 38 að viðbættum samtals afskrifuðum viðskiptakröfum og rekstrargjöldum í línunum 39 til 48.

### 50 Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld (+/-)

Hér skal færa mismun rekstrartekna samtals í línu 20 og rekstrargjalda samtals í línu 49. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

## Aðrar tekjur og gjöld

### 51 Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur

Í þessa línu skal færa allar vaxtatekjur sem féllu til á rekstrarárinu. Fjárhæð þessi skal stemma við vaxtatekjur samtals

í efnahagsreikningi á bls. 4. Vaxtatekjur og verðbætur skulu færðar án frádráttar fjármagnstekjuskatts.

### 52 Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld (-)

Í þessa línu skal færa öll vaxtagjöld sem féllu til á rekstrarárinu. Hér skal færa allan fjármagnskostnað rekstrarins, þ.m.t. þjónustugjöld og innheimtukostnað banka. Fjárhæð þessi skal stemma við vaxtagjöld samtals í efnahagsreikningi á bls. 4.

### 53 Ýmsar tekjur, bætur og styrkir utan vsk.

Í þessa línu skal færa ýmsar tekjur, bætur og styrki sem ekki tengjast virðisaukaskatti (falla t.d. utan 12. greinar vsk. laga). Slíkar tekjur skal því ekki færa í línu 19, heldur hér, þar sem þær koma ekki inn á yfirlit yfir uppgjör virðisaukaskatts.

### 54 Birgðabreyting skv. birgðatöflu (+/-)

Í þessa línu skal færa birgðabreytingu skv. uppgjóri á bls. 5. Birgðaaukningu skal færa sem plús tölu en birgðalækkun sem mínus tölu.

### 55 Bústofnsbreyting skv. bústofnstöflu (+/-)

Í þessa línu skal færa bústofnsbreytingu skv. bls. 6. Bústofnsaukningu skal færa sem plús tölu en bústofnskerðingu sem mínus tölu.

### 56 Sölutap

Í þessa línu skal færa sölutap af seldum eignum á árinu. Útreikningur á sölutapi skal sýndur á eignaskrá RSK 4.01.

### 57 Aðrar tekjur og gjöld samtals

Hér skal færa samtölu annarra tekna og gjalda samkvæmt línunum 51 til 56 hér að ofan. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

### 58 Hagnaður/tap ársins (+/-)

Hér færast fjárhæð í reit 50 að viðbættri eða fráðreginni fjárhæð í reit 57. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

### 70 Hreinar tekjur/yfurfæranlegt tap (færast í línu 4 á bls. 1)

Hér færast samtölur fjárhæða úr reitum 58 til 69. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki. Fjárhæð þessi færast í línu 4 á bls. 1.

## Skattalegar færslur/leiðréttingar á tekjum

Í þessum kafla eru gerðar skattalegar leiðréttingar á hreinum tekjum.

Í línun 59 og 60 skal færa þá skattalegu niðurfærslu viðskiptakrafna (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Í línun 61 og 62 skal færa þá skattalegu niðurfærslu birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga.

## Efnahagsreikningur

Á efnahagsreikningi skal tilgreina allar eignir og skuldir sem tilheyra búrekstri. Eignir og skuldir, sem ekki eru í beinum tengslum við rekstur búins og tengjast ekki atvinnurekstri, skulu ekki koma á efnahagsreikning heldur færðar í við-eigandi liði á persónuframtali, t.d. skal færa íbúðarhús í lið 4.1, einkabifreiðar í lið 4.3, skuldir vegna íbúðarhúss í lið 5.2 o.s.frv.

Á efnahagsreikningi skal færa í fremri dálk eignir og skuldir búins í árslok 2014 en í aftari dálk skal færa eignir og skuldir búins í árslok 2013 eins og þær voru tilgreindar í fremri dálki á landbúnaðarskýrslu sl. árs.

Efnahagsreikningi er skipt í þrjá aðalkafla: „Eignir“, „Skuldir“ og „Eigið fé“.

## Eignir

### 1 Sjóður, bankainnstæður og annað reiðufé

Í þessa línu skal færa handbært fé í rekstri í lok reikningsársins, þ.m.t. innstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs. Hér getur því verið um eftirtalda liði að ræða:

- Sjóð
- Bankainnstæður
- Innstæður á tékkareikningum. Þessi reitur getur ekki tekið neikvætt gildi. Ef yfirdráttur er á tékkareikningi, þá skal hann færður í línu 10.

### 2 Birgðir skv. birgðatöflu

Hér skal færa allar birgðir í lok rekstrarársins. Hér færast því t.d. birgðir rekstrarvara og á fjárhæðin að stemma við fjárhæð birgða samtals í árslok 2014 á bls. 5.

### 3 Viðskiptakröfur

Í þennan reit skal færa þær viðskiptakröfur sem myndast hafa við sölu á vöru og þjónustu í rekstrinum, en ekki hafa fengist greiddar í árslok. Hér kæmi því til dæmis inneign hjá sláturleyfishöfum, mjólkurbúum og kröfur vegna sölu á greiðslumarki.

### 4 Verðbréf og aðrar peningalegar eignir

Hér færast aðrar peningalegar eignir sem ekki færast í aðra reiti hér að framan, svo sem inneign virðisaukaskatts, bundnar bankainnstæður, langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og skuldabréf.

### 5 Eignarhlutar í félögum

Hér skal færa eignarhluta í félögum, svo sem stofnsjóðs- eignir.

### 6 Bústofn skv. bústofnsskýrslu

Hér skal færa heildarmatsverð bústofns. Þessi fjárhæð á að stemma við bústofnseign í árslok á bls. 6.

### 7 Eignir skv. eignaskrá RSK 4.01

Hér skal færa samtölu bókfærðs verðs allra varanlegra rekstrarfjármuna. Fjárhæðin á að stemma við samtölu á bókfærðu verði þessara eigna í dálki 12 á eignaskrá RSK 4.01 (fyrningarskýrsla) sem fylgja skal skattframtali. Fast- eignir skal því **ekki færa á fasteignamati**. Eignarstofn er leiðréttur til fasteignamats í línunum 24 og 26.

### 8 Aðrar eignir, tilgreina

Hér skal færa allar aðrar eignir í rekstrinum sem ekki falla undir neitt af ofangreindu. Tilgreina skal um hvaða eignir er að ræða.

### 9 Eignir samtals

Hér færast samtölu úr línunum 1 til 8. Samtala vaxta og verðbóta færast í reit 51 á síðu 3. Í aftasta dálkinn skal færa bókfært verð eigna eins og það var skv. landbúnaðarskýrslu síðasta árs.

## Staðgreiðsla af fjármagnstekjum

Í þessa reiti er færð staðgreiðsla skatts af arði og vöxtum í rekstri á árinu 2014. Staðgreiðsla samtals er færð í tölulið 4.6 (reit 309) á persónuframtali.

## Skuldir og eigið fé

Skuldir í árslok 2014 skal telja á nafnverði að viðbættum verðbótum á höfuðstól skuldarinnar í árslok miðað við vísitölu í janúar 2015. Skuldir í erlendri mynt skal telja á sölugengi í árslok. Áfallna vexti frá síðasta gjalddaga til ársloka skal einnig færa til skuldar.

Til þess að finna út eftirstöðvar verðtryggðra eða gengis- tryggðra skulda í árslok 2014, er vísað í leiðbeiningar um útfyllingu skattframtals einstaklinga 2015. Þar er einnig að finna töflur yfir vísitölur og gengisskráningu í árslok 2014.

Athygli er vakin á því að skuldir vegna kaupa eða bygg- ingar íbúðarhúsnæðis skal færa í lið 5.2 á persónuframtali. Allar aðrar skuldir sem ekki eru tengdar búrekstrinum eða öðrum rekstri, skal færa í lið 5.5. á persónuframtali.

# 4

## ... Fjórða síða ...

### Skuldir

#### 10 Skuldir við lánastofnanir

Hér skal færa allar skuldir við lánastofnanir. Undir „Vextir og verðbætur“ skal færa vaxtagjöld, þ.m.t. áfallnar verðbætur á árinu.

#### 11 Viðskiptaskuldir

Í þessa línu skal færa allar viðskiptaskuldir, t.d. skuldir við birgja og skuldir við flutningsaðila. Undir „Vextir og verðbætur“ skal færa vaxtagjöld, þ.m.t. áfallnar verðbætur á árinu.

#### 12 Ógreiddur virðisaukaskattur

Hér skal færa ógreiddan virðisaukaskatt í árslok. Inneign virðisaukaskatts skal færa í línu 4.

#### 13 og 14 Aðrar skuldir, tilgreina

Hér skal færa aðrar skuldir sem tengdar eru búrekstri, þ.m.t. vexti og verðbætur. Tilgreina skal við hvern skuldin er.

#### 15 Skuldir samtals

Hér færast samtölur úr línunum 10 til 14. Í aftasta dálkinn skal færa skuldir eins og þær voru skv. landbúnaðarskýrslu síðasta árs.

### Eigið fé

#### 16 Eigið fé í ársbyrjun

##### (mismunur eigna og skulda frá fyrra ári)

Hér skal færa eigið fé í ársbyrjun eins og það var í lok síðasta reikningsárs. Með eigin fé er átt við mismun á eignum og skuldum í rekstri. Ef fjárhæðin er neikvæð (skuldir hærrí en eignir) skal gefa henni mínusformerki.

#### 17 Hagnaður (+)/tap af rekstri (-)

Hér skal færa niðurstöðu rekstrar skv. línu 58 á síðu 3. Ef fjárhæðin er neikvæð (tap) skal gefa henni mínusformerki.

#### 18 Reiknað endurgjald (+)

Í þennan reit skal færa reiknað endurgjald skv. línu 39 á bls. 3.

#### 19 Úttekt (-)/framlag (+) eiganda

Í þennan reit skal færa úttekt eða framlag eiganda.

#### 20 Aðrar breytingar á eigin fé (+/-)

Hér skal færa aðrar breytingar á eigin fé. Hér færast breytingar á matsverði bústofns, þ.e. breytingu á bústofnsmati frá síðasta ári. Breytingin er mismunur bústofnseignar í ársbyrjun og bústofnseignar í árslok á landbúnaðarskýrslu síðasta árs. **Hér skal ekki færa bústofnsbreytingu ársins.**

Breytingar á eigin fé sem leiða til hækkunar eigin fjár færast sem plús fjárhæð, en breytingar sem leiða til lækkunar á eigin fé færast sem mínus fjárhæð.

Eigið fé samtals skal færa í línu 1 á bls. 1.

#### 21 Eigið fé samtals

Hér færast samtölur úr línunum 16 til 20. Í aftasta dálkinn skal færa þessa eiginfjárliði eins og þeir voru skv. landbúnaðarskýrslu síðasta árs. Athugið að eignir samtals skv. línu 9 eiga að vera jafnar skuldum samtals í línu 15 að viðbættu eigin fé samtals, þ.e. reitur 9 = reitur 15 + reitur 21.

**Athuga skal að niðurstöðutala eigna samtals á að vera jöfn niðurstöðutölu skulda og eigin fjár samtals.**

### Skattalegar færslur / leiðréttingar á eign

Í þessum kafla eru gerðar skattalegar leiðréttingar á eigin fé. Í línu 22 skal færa þá skattalegu niðurfærslu viðskiptakrafna (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Þetta er sama fjárhæð og í línu 60 á bls. 3.

Í línu 23 skal færa þá skattalegu niðurfærslu birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í línu 62 á bls. 3.

Par sem fasteignir skal telja til eignar á gildandi fasteignamatsverði, sbr. 1. tl. 73. gr. skattalaga, skal draga frá bókfært verð þeirra skv. eignaskrá í línu 24 (mínustala) og færa inn fasteignamat þeirra í línu 26. Þær fasteignir, sem ekki hafa fengið fasteignamat, skal færa í línu 25 sbr. 2. málsl. 1. tl. 73. gr. skattalaga.



### Uppgjör birgða

Þeim bændum, sem stunda ylrækt eða garðrækt, s.s. kartöflu- eða gulrófnarækt, ber að telja til eignar óseldar birgðir í árslok á kostnaðarverði eða dagverði í lok reikningsárs, sbr. 4. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003. Enn fremur ber að eignfæra umsýslukjöt, aðkeyptar rekstrarvörur, s.s. kjaranfóður og áburð, sem ónotaðar eru í árslok, svo og heybirgðir sem ætlaðar eru til sölu eftir áramótin. Í reitina skal færa birgðir í lok reikningsáranna 2014 og 2013. Birgðabreytingu skal færa í línu 54 á bls. 3. Jákvæður mismunur (birgðaaukning milli ára) er færður sem plús fjárhæð en neikvæður mismunur (birgðaskerðing milli ára) sem mínus fjárhæð. Birgðir samtals í árslok 2014 eru færðar í línu 2 á bls. 4.

### Uppgjör virðisaukaskatts

Hér skal færa virðisaukaskatt samkvæmt bókhaldi. Til samanburðar er svo færður virðisaukaskattur samkvæmt þegar innsendum virðisaukaskattskýrslum (þ.m.t. þegar innsendum leiðréttingarskýrslum). Þessar upplýsingar eru þær sömu og áður voru gefnar á samanburðarskýrslu virðisaukaskatts, RSK 10.25, sem skilað hefur verið með skattframtali. Ef vsk. númer framteljanda eru fleiri en eitt, skal þó áfram skila RSK 10.25 vegna hvers númers.

Komi fram mismunur skal fylla út og skila leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts, RSK 10.26. Sé um skuld að ræða skal skila skýrslu ásamt greiðslu til innheimtumanns, en sé um inneign að ræða eða núll, vegna færslu á milli tímabila, skal skýrslunni skilað til ríkisskattstjóra.

### Greinargerð um skiptingu milli eigenda félagsbúa

Ef landbúnaðarskýrslan er fyrir samrekstur (félagsbú) skal sundurliða reiknað endurgjald. Þá skal og gera sérstaklega grein fyrir skiptingu hreinna tekna (taps) og hreinnar eignar (skulda umfram eignir) og eignarhlutdeild, svo og hvernig reiknað endurgjald skiptist milli sameigenda, maka þeirra og barna í viðeigandi dálka.

### Sundurliðunartafla

Í þessari töflu skal sýna sundurliðun á fjárhæðum sem færðar voru í línu 19 og 37 á bls. 2 og línu 13 á bls. 5. Fyrst kemur reitanúmer þess reits sem verið er að sundurliða í dálkinn „Línunúmer“ (t.d. 19). Hvern þessara þriggja reita má sundurliða eins mikið og þörf er á. Í dálkinn „Fjárhæð“ færist síðan sú fjárhæð sem verið er að tilgreina og í dálkinn „Skýring“ kemur útskýring á því hvað um er að ræða í hverju tilfalli.

### Athugasemdir

Hér getur framteljandi komið að ýmsum athugasemdum, ábendingum eða skýringum vegna einhverra atriða í landbúnaðarskýrslunni eða fylgigögnum með henni.

Kennitala

UPPGJÖR BIRGÐA			
	Birgðir 31.12.2013	Birgðir 31.12.2012	Mismunur (+/-)
1 Garðrækt/Ylrækt			
2 Rekstrarvörur			
3 Umsýslukjöt			
4 Annað			
Samtals	=	=	=

Jákvæður mismunur (birgðaaukning) færist sem plús tala í línu 54 á bls. 3 en neikvæður mismunur (birgðaskerðing) færist sem mínus tala í sömu línu.

UPPGJÖR VIRÐISAUKASKATTS			
	Samkvæmt bókhaldi	Samkvæmt VSK-skýrslum	Mismunur (+/-)
6 Virðisaukaskattskyld sala í 25,5% þrepi			
7 Virðisaukaskattskyld sala í 24,5% þrepi			
8 Virðisaukaskattskyld sala í 14% þrepi			
9 Virðisaukaskattskyld sala í 7% þrepi			
10 Sala undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.)			
11 Útskattur			
12 Reiknaður innskattur			
13 Leiðréttingar innskatts sbr. sundurliðunartöflu			
14 Innskattur			

**GREINARGERÐ UM SKIPTINGU MILLI EIGENDA EF UM SAMREKSTUR (FÉLAGSBÚ) ER AÐ RÆÐA**

Nafn	Reiknað endurgjald þ.m.t. vegna maka og barna	Hagnaður/Tap	Eigið fé/ Skuldir umfram eignir	Hlutdeild í eign %
Samtals	=	=	=	= 100%

**SUNDURLIÐUNARTAFLA**

Línunúmer (19, 37, 13)	Fjárhæð	Skýring

**ATHUGASEMDIR**

## Bústofn

Bústofn í eigu skattaðila, þ.m.t. bústofn barna innan 16 ára, skal telja fram í årsbyrjun og árslok á skattmatsverði ríkisskattstjóra. Skattmatsverð er án virðisaukaskatts. Tilgreina á fjölda og samanlagt matsverð samkvæmt hverjum lið. Færa á fjölda og kaupverð keypts búfjár án virðisaukaskatts í dálkana lengst til hægri og tilgreina nafn, kennitölu og heimili seljanda í athugasemdakafla á 5. bls. Ef búfé var keypt og selt aftur á árinu skulu upplýsingar þar um gefnar í sama kafla.

Samkvæmt reglugerð nr. 213/2001 skal færa kaupverð lífdýra til gjalda í stað matsverðs, sjá bls. 14. Bústofnseign í árslok skal færa til eignar á efnahagsreikningi á 4. bls. í línu 6. Ef bústofnseign í árslok er hærri en bústofnseign í årsbyrjun er um bústofnsaukningu að ræða sem færast til tekna í línu 55 á bls. 3. Ef bústofnseign í árslok er lægri en bústofnseign í årsbyrjun er um bústofnsskerðingu að ræða sem færast til gjalda í rekstrinum í línu 55 á bls. 3.

## Eignamat búfjár í árslok 2014

Samkvæmt skattmati er eignamat búfjár án virðisaukaskatts sem hér segir:

	Kr.
Mjólkurkýr.....	113.000
Holdakýr og naut .....	120.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri.....	91.000
Geldneyti .....	65.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs.....	14.000
Ær og sauðir .....	7.800
Hrútar.....	12.100
Gemlingar .....	7.000
Geitur .....	3.900
Hross á 14. vetri og eldri.....	18.000
Hross á 5. - 13. vetri.....	36.000
Fulltamin reiðhross....(á 5. - 13. vetri) .....	150.000
Önnur nýtanleg reiðhross.....	75.000
Verðlaunahross ... (á 5. - 13. vetri) .....	210.000
Kynbótahestar á 5. - 13. vetri .....	300.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. - 13. vetri .....	400.000
Tryppi á 2. - 4. vetri .....	12.000
Fólöld .....	8.500
Hænsni, eldri en 6 mánaða .....	940
Varphænsni 6 mánaða og yngri.....	635
Kjúklingar .....	235
Endur .....	820

Gæsir .....	1.640
Kalkúnar.....	2.460
Gyltur .....	37.000
Geltir.....	55.000
Grísir.....	8.850
Kanínur .....	5.000
Minkar: Karlkýr.....	7.500
Kvendýr.....	5.000
Hvolpar.....	0
Refir:  Karlkýr og kvendýr.....	6.000
Hvolpar.....	0
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri .....	3.900

## Dæmi um eignfærslu vegna kaupa á lífdýrum

### a) Keyptar 30 ær á 5.000 kr. hver, alls 150.000 kr.

Heildarkaupverðið 150.000 kr. færast í línu 33 á bls. 2. Á bls. 6 koma ærnar inn í fjölda bústofns (ær og sauðir) í árslok og hafa áhrif á matsverðið. Þá ber einnig að tilgreina í öftustu dálkum á bls. 6 fjölda keypts búfjár og kaupverð þess. Kaupverðið skal tilgreint án virðisaukaskatts.

### b) Keyptur einn fulltamin hestur á 300.000 kr.

Þar sem kaupverð hestsins er hærri fjárhæð en tilgreind er í 39. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, þá skal gjaldfæra kaupverðið með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Á fyrsta ári ætti því að gjaldfæra 60.000 kr. í eignaskrá RSK 4.01, en þar sem gjaldfærsla á kaupári má aldrei vera lægri en matsverð gripsins í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra, verður gjaldfærsla ársins 150.000 kr. Eftirstöðvunum, 150.000 kr., verður síðan dreift á 4 ár, þ.e. 37.500 kr. á ári.

Eignfæra ber hestinn meðal bústofns á bls. 6 samkvæmt matsverði og auk þess ber að eignfæra óniðurfærðar eftirstöðvar kaupverðs, í þessu tilfalli kr. 150.000, í eignaskrá RSK 4.01. Samanlagt bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna skal síðan færa í línu 7 á bls. 4. Alls verður því eignfærslan 300.000 kr.

Halda skal utan um þessar hreyfingar á eignaskrá.

Lífdýr falla undir fyrningarflokk 10, tegund 99.

### Dæmi:

Fyrsti hesturinn sem keyptur var á árinu 2014, með kaupverði yfir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 39. gr., ber að eignfæra á eignaskrá með auðkennið 141099001.

# Reiknað endurgjald bænda,

maka þeirra og barna tekjuárið 2014 (skattframtal 2015)



Að jafnaði skal færa á skattframtali 2015 þau reiknuðu laun sem staðgreiðsla á árinu 2014 hefur miðast við. Séu færð lægri reiknuð laun ber að láta nauðsynlegar skýringar fylgja skattframtali. Í þessu sambandi vísast til 1. mgr. 58. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 6. gr. laga nr. 45/1987. Viðmiðunarlaun í staðgreiðslu 2014 fyrir bændur og maka þeirra voru ákvörðuð þannig:

## Flokkur G. Landbúnaður

Til flokks G teljast bændur sem einir eða með öðrum standa fyrir búrekstri, með eða án aðkeypts vinnuafis. Standi hjón bæði fyrir búrekstrinum skal reiknað endurgjald hvors hjónanna um sig metið miðað við vinnuframlag hvors um sig við búreksturinn og skiptist rekstrarhagnaður jafnframt á milli þeirra í hlutfalli við reiknað endurgjald þeirra. Vinni það hjóna, sem ekki stendur fyrir búrekstri með maka sínum, við reksturinn skal meta því endurgjald með hliðsjón af vinnuframlagi þess, metið á sama verði og endurgjald makans, og telst rekstrarhagnaður þá vera tekjur þess sem stendur fyrir búrekstrinum. Sé búrekstur umfangsmikill og tveir eða fleiri starfsmenn eru á launum auk bóndans og maka hans og barna innan 16 ára skal flokka starfið í flokka B(1) til B(4).

Í blönduðum búskap skal ákvarða viðmiðunarflokk miðað við þann hluta búskaparins sem meiri hluti tekna stafar af.

Stundi bóndi aðra starfsemi en búskap skal ákvarða reiknað endurgjald vegna annarrar starfsemi en búrekstursins samkvæmt viðeigandi viðmiðunarflokki fyrir það starf.

### Flokkur G skiptist í sex undirflokk:

G(1)	Bóndi með sauðfjárrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Flokkurinn miðast við mest 400 fjár á húsi (vetrarfóðrað á húsi). Mánaðarlaun ..... 125.000 kr. Árslaun ..... 1.500.000 kr.
G(2)	Bóndi með sauðfjárrækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Flokkurinn miðast við fleiri en 400 fjár á húsi (vetrarfóðrað á húsi). Mánaðarlaun ..... 173.000 kr. Árslaun ..... 2.076.000 kr.
G(3)	Bóndi með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Flokkurinn miðast við mest 25 mjólkandi kýr. Mánaðarlaun ..... 162.000 kr. Árslaun ..... 1.944.000 kr.
G(4)	Bóndi með kúabú sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Flokkurinn miðast við fleiri en 25 mjólkandi kýr. Mánaðarlaun ..... 223.000 kr. Árslaun ..... 2.676.000 kr.
G(5)	Bóndi sem stendur fyrir öðrum búrekstri, svo sem svínarækt, alifuglarækt og annarri kjötframleiðslu, hrossarækt, grænmetisrækt og garðplönturækt. Mánaðarlaun ..... 249.000 kr. Árslaun ..... 2.988.000 kr.
G(6)	Bóndi með loðdýrarækt sem aðalbúgrein og hefur meiri hluta bútekna af henni. Mánaðarlaun ..... 312.000 kr. Árslaun ..... 3.744.000 kr.

## Flokkur H. Makar og börn

Maður sem starfar við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi maka síns eða starfar hjá félagi sem maki hans eða nákomnir venslammenn hafa ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnaraðildar svo og barn sem starfar með sama hætti við atvinnurekstur foreldris.

H(1)	Sérfræðingur, sbr. flokk A, sem vinnur í sérgrein sinni en stendur ekki fyrir starfsemi. Mánaðarlaun ..... 509.000 kr. Árslaun ..... 6.108.000 kr.
------	----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

H(2)	Iðnaðarmaður, sbr. flokk D, sem vinnur í iðngrein sinni en stendur ekki fyrir starfsemi. Mánaðarlaun ..... 271.000 kr. Árslaun ..... 3.252.000 kr.
H(3)	Ófaglærður starfsmaður. Mánaðarlaun ..... 170.000 kr. Árslaun ..... 2.040.000 kr.
H(4)	Barn, 15 ára. Mánaðarlaun ..... 118.000 kr. Árslaun ..... 1.416.000 kr.
H(5)	Barn, 13 eða 14 ára. Mánaðarlaun ..... 102.000 kr. Árslaun ..... 1.224.000 kr.


## Flokkur B. Almenn starfsemi, iðnaður, verslun, útgerð og þjónusta

Til flokks B teljast menn sem vinna við iðnaðar- og iðjurekstur, hvers konar verslun og viðskipti, veitingastarfsemi, útgerð og fiskvinnslu, framleiðslu landbúnaðarværa, verktakastarfsemi hvers konar og þjónustu, sem ekki heyrir undir flokk A eða C. Stjórnun rekstrarins eða félagsins er hluti af störfum þeirra sem falla undir flokk B(1), B(2), B(3) og B(4), þótt þeir vinni einnig önnur almenn störf við reksturinn.

### Flokkur B skiptist í sex undirflokk:

B(1)	Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum fleiri en fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum fleiri en fimmtán manna. Mánaðarlaun ..... 840.000 kr. Árslaun ..... 10.080.000 kr.
B(2)	Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tíu til fimmtán starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tíu til fimmtán manna. Mánaðarlaun ..... 755.000 kr. Árslaun ..... 9.060.000 kr.
B(3)	Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum sex til níu starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum sex til níu starfsmanna. Mánaðarlaun ..... 629.000 kr. Árslaun ..... 7.548.000 kr.
B(4)	Maður sem stýrir rekstri þar sem starfa með honum tveir til fimm starfsmenn eða samtals greidd laun til starfsmanna og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum tveggja til fimm starfsmanna. Mánaðarlaun ..... 526.000 kr. Árslaun ..... 6.312.000 kr.
B(5)	Maður, sem starfar einn eða með færri en tveimur starfsmönnum eða samtals greidd laun og greiðslur samkvæmt reikningum fyrir aðkeypt vinnuframlag samsvara árslaunum allt að tveggja starfsmanna. Mánaðarlaun ..... 419.000 kr. Árslaun ..... 5.028.000 kr.
B(9)	Maður sem er að hefja starfsemi og hann starfar einn eða með einum starfsmanni. Undir þennan flokk heyra einungis þeir sem eru að hefja sjálfstæða starfsemi í fyrsta sinn, og einungis í eitt ár frá upphafi starfseminnar. Mánaðarlaun ..... 306.000 kr. Árslaun ..... 3.672.000 kr.

Deili tveir eða fleiri menn sem undir reglur þessar falla með sér stjórnun á rekstrinum skal reiknað endurgjald þeirra fara eftir flokki B(1), B(2), B(3) eða lægst B(4) miðað við að fjöldi starfsmanna að þeim meðtöldum sé deilt á þá.



## ... Annað ...

### Beingreiðslur úr ríkissjóði

Beingreiðslur úr ríkissjóði sem greiddar eru á grundvelli a-liðar 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. 40. gr. og 44. gr. sömu laga, eru skattskyldar þegar þær falla til, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Greiðslur þessar skal færa í línu 1 eða 3 á bls. 2.

### Sala greiðslumarks

Sala greiðslumarks telst sala á eign og um útreikning söluhagnaðar gilda ákvæði 15. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Samkvæmt þessu telst hagnaður af sölu að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. telst hagnaður af sölu þessarar eignar mismunur á söluverði hennar og stofnverði að frádregnum áður fengnum niðurfærslum og söluhagnaði.

### Dreifing söluhagnaðar

Í 27. gr. laga nr. 90/2003 er kveðið á um rétt manna til dreifingar skattlagningar söluhagnaðar í því tilviki er skattaðili fær söluandvirði greitt með skuldaviðurkenningum til þriggja ára eða lengri tíma. Nánari skilyrði fyrir slíkri dreifingu er að finna í greininni.

### Meðferð söluhagnaðar ófyrnanlegra eigna

Í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003 er að finna ákvæði þess efnis að skattaðili geti farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota í stað hinnar seldu innan þess tíma og færast þá söluhagnaðurinn til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Síðan segir í greininni að nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum nemur telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. er þessi meðferð söluhagnaðar því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a.m.k. fimm ár á síðastliðnum átta árum næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð eða noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a.m.k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn framreiknaður til skattskyldra tekna þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfærslu rekstrartöpu hafi verið jöfnuð.

### Upptaka nýrra búgreina

Lítið hefur verið svo á að beita megi lögjöfnun hvað varðar ráðstöfun söluhagnaðar vegna sölu greiðslumarks þannig

að þeim bændum sé heimilt að lækka stofnverð nýrra eigna vegna upptöku nýrra búgreina á viðkomandi bújörð, þó þannig að hin nýja búgrein sé rekin á bújörðinni og tengist afnotum fasteigna á henni. Með nýrri búgrein er átt við atvinnugrein sem útheimtir afnot fasteignar á bújörðum en ekki þær atvinnugreinar sem er stjórnað frá bújörðinni s.s. rekstur vélknúinna tækja, bifreiða eða vinnuvéla.

Eignarhlutur í félagi (t.d. einkahlutafélagi) telst ekki til eigna af þeim toga sem um ræðir í 4. mgr. 15. gr. laga nr. 90/2003. Engin heimild er því til frestunar á skattlagningu hagnaðar af sölu greiðslumarks með þeim hætti að fært sé niður stofnverð eignarhluta í félagi. Heimildin í 4. mgr. 15. gr. er bundin við niðurfærslu stofnverðs nýrra eigna þess sem skattskyldur er af söluhagnaðinum. Ákvæðið heimilar því ekki frestun skattlagningar á söluhagnaði manns með niðurfærslu á eignarhluta í einkahlutafélagi.

### Tjónabætur

Afurðatjónsbætur eru skattskyldar þegar þær falla til, sama á við um bætur frá Bjargráðasjóði.

Jarðskjálftabætur sem greiddar eru vegna altjóns fasteignar teljast söluverð hennar og reiknast söluhagnaður þá samkvæmt 12. til 27. gr. tekjuskattslaganna. Aðrar jarðskjálftabætur vegna fasteigna í atvinnurekstri skal færa til skuldar ef viðgerðum er ekki lokið en eignfæra skal inn eignir vegna þessa. Tekjufæra skal á móti viðgerðarkostnaði og skal tekjufærslan koma til lækkunar á skuldinni. Ef jarðskjálftabætur eru lægri en viðgerðarkostnaður skal gjaldfæra mismuninn. Ef jarðskjálftabætur eru hærrí skal tekjufæra mismuninn. Uppgjöri á skuldfærðum tjónabótum skal lokið innan þriggja ára frá því að þær voru ákvarðaðar. Viðgerðarkostnaður telst sá kostnaður sem lagt er í til að koma eign í sama ástand og hún var í þegar rekstraraðili eignaðist hana, hvort heldur hún var þá gömul eða ný. Sjá 4. gr. reglugerðar nr. 483/1994.

Skila þarf greinargerð um viðgerðarkostnað. Ef um viðgerðir á fleiri en einni fasteign er að ræða skal skila sérstakri greinargerð fyrir hverja eign. Tjónabætur vegna lausafjármuna sem notaðir eru í atvinnurekstri eru skattskyldar tekjur á því ári sem þær falla til og færast í línu 19 á bls. 2. Jafnframt skal gera grein fyrir þeim í sundurlitunartöflu á bls. 5.

### Styrkir vegna búháttabreytinga

Greiðslur þær sem hér um ræðir gætu verið framlag, stofnframlag, til nýs atvinnurekstrar. Gegnir þá sama máli um greiðslurnar og ýmis óendurkræf stofnframlög og t.d. ríkisframlög til jarðabóta o.þ.h. Er þá áskilið að greiðslunum sé varið til að standa straum af kostnaði við mannvirki, tækja-kaup og endurbætur vegna hinnar nýju búgreina. Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. skattalaga dregst óendurkræfur styrkur frá stofnverði eignar. Þannig ákvarðað kostnaðar



verð myndar síðan fyrningargrunn. Ef fjárhæð styrksins liggur ekki fyrir á sama ári og framkvæmdum á fyrnanlegum eignum er lokið skal lækka fyrningargrunn þessara eigna á eignaskrá þess árs sem styrkurinn er greiddur. Færa skal fjárhæð styrksins til lëkkunar fyrningargrunni í árslok næstliðins árs.

### **Kaup á greiðslumarki**

Keypt greiðslumark ber að færa til eignar í línu 7 á landbúnaðarskýrslu, á kaupverði að frádregnum áður fengnum niðurfærslum. Ákvæði 42. gr. tekjuskattslaga um niðurlagsverð gilda ekki gagnvart þessari eign.

### **Greiðslur fyrir sumardvöl barna og frádráttur frá þeim**

Tekjur og gjöld vegna sumardvalar barna á ekki að færa á landbúnaðarskýrslu, heldur gera upp sérstaklega. Er í þessu sambandi vísað til leiðbeininga með skattframtali einstaklinga 2015 (RSK 8.01).

### **Afstemming virðisaukaskatts**

Ef uppgjör virðisaukaskatts samkvæmt bókhaldi á bls. 5 ber ekki saman við áður innsendar virðisaukaskattskýrslur skal gera leiðréttingarskýrslu RSK 10.26. Ef um vangreiddan skatt er að ræða skal greiðsla send innheimtumönnum ríkissjóðs, ef um ofgreiddan skatt er að ræða skal senda leiðréttingarskýrslu til ríkisskattstjóra.

### **Annar rekstur**

Skila skal sérstöku rekstraryfirliti vegna annars rekstrar en landbúnaðar, t.d. gistiþjónustu, matsölu, skólaaksturs, vörubíla- eða vinnuvélareksturs nema um sé að ræða tilfallandi og smávægilegar tekjur. Færa skal slíkan rekstur á eyðublað RSK 4.11, Rekstrarskýrsla, og færa fjárhæðir af henni yfir á síðu 1 á landbúnaðarskýrslu, í viðeigandi dálk. Þó skal gera grein fyrir rekstrinum á eyðublaði RSK 1.04, Skattframtal rekstraraðila, ef velta fer yfir 20 millj. kr.

### **Reglur um fyrningar**

Fyrningargrunnur lausafjár er bókfært verð en fyrningargrunnur annarra eigna er upphaflegt kaupverð. Þar sem fyrningargrunnur á lausafé er bókfært verð, fer fyrning lausafjár stíglækkandi á líftíma eignarinnar.

Ekki má fyrna lausafé og fasteignir meir en svo að eftir standi 10% af upphaflegu kaupverði sem bókfært verð.

#### **Dæmi:**

Bóndi á tvær dráttarvélar. Heimilt er að fyrna dráttarvélar um 20 til 35%. Önnur dráttarvélin var keypt á árinu 2010, bókfært verð hennar í árslok 2013 var 525.000 kr. en upphaflegt kaupverð var 3.500.000 kr. Heimil fyrning á henni er því á bilinu 105.000 kr. til 175.000 kr. (Ekki 183.750 kr. þar sem þá yrði bókfært verð hennar í árslok 2014 lægra en 10% af upphaflegu kaupverði).

Hin dráttarvélin var keypt á árinu 2012, bókfært verð hennar í árslok 2013 var 2.400.000 kr. en upphaflegt kaupverð var 4.000.000 kr. Heimil fyrning á henni er því frá 480.000 kr. til 840.000 kr.

## **... Netframtal 2015 ...**

Vakin er athygli á því að mögulegt er að skila landbúnaðarskýrslu í gegnum þjónustusíðu framteljanda, **skattur.is**. Sundurliðun landbúnaðarskýrslunnar er þar nú með sama hætti og á pappírseyðublaðinu með þeirri undantekningu að sundurliðun á stofni til búnaðargjalds er innbyggð inn í landbúnaðarskýrsluna í netframtalinu. Sundurliðun tekna er þar í samræmi við sundurliðun stofns til búnaðargjalds og þurfa þeir sem fylla út og skila landbúnaðarskýrslu á netinu ekki að skila sérstöku framtali til búnaðargjalds nema ef framleiðandi hefur starfsemi á fleiri en einu búnaðarsambandsvæði. Ágætt er að byrja að fylla út eignaskrána RSK 4.01 og rekstrarkostnað fólksbifreiðar RSK 4.03 áður en byrjað er að fylla út landbúnaðarskýrsluna sjálfa.



# Reglugerð nr. 213/2001,

um skattalega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði

## 1. gr.

Breytingu á bústofni í landbúnaði skal meta til tekna eða gjalda sem hér segir:

Bústofn eins og hann var í ársbyrjun og bústofn í árslok skal færa á landbúnaðarskýrslu og reikna til verðs með sama verði og bústofninn er metinn til eignar í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Mismunurinn á heildarverði gripanna í ársbyrjun og árslok, bústofnsaukning eða bústofnsskerðing, færast til tekna eða gjalda eftir atvikum.

Kaupverð lífdýra má gjaldfæra að fullu á kaupári þegar kaupverð hvers einstaks lífdýrs er undir þeirri fjárhæð sem tilgreind er í 41. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Ef kaupverð á lífdýri er hærra en sú fjárhæð skal gjaldfæra kaupverðið með jöfnum fjárhæðum á fimm árum. Í þeim tilvikum skal gjaldfærsla á kaupári þó aldrei vera lægri en matsverð gripisins í árslok samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra. Gjaldfærslan í heild skal aldrei vera hærra en kaupverðið. Sé lífdýr selt eða það drepst innan fimm ára frá því að það var keypt skal færa til gjalda þann hluta kaupverðsins sem þá er ógjaldfærður.

Hafi gjaldfærslu á kaupverði lífdýrs verið dreift á fimm ár, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, skal eignfæra þann hluta kaupverðs sem ógjaldfærður er. Kaupverði sem dreift er á fimm ár skal framreikna samkvæmt ákvæðum 26.

gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt en telst ekki til eigna skv. 3. mgr. 53. gr. sömu laga við útreikning á tekjum og gjöldum vegna verðbreytinga.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við ákvörðun tekna og gjalda árið 2001 vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2002. Frá sama tíma fellur úr gildi 3. töluliður B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt.

## Ákvæði til bráðabirgða

Við framtal 2001 vegna tekna og eigna á árinu 2000 skal heimilt að meta bústofnsaukningu, bústofnsskerðingu og kaup á lífdýrum til tekna og gjalda samkvæmt reglugerð þessari í stað 3. töluliðar B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt.

*Fjármálaráðuneytinu, 5. mars 2001*

# Dæmi um færslu nokkurra gjaldaliða á rekstrarreikning



Auglýsingakostnaður	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu	Lögfræðipjónusta	30	Ýmis aðkeypt þjónusta
Áburður	23	Áburður og sáðvörur	Maurasýra	26	Rekstrarvörur
Áskrift tímarita um landb.	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu	Mjólk til fóðurs	21	Fóður
Bankakostnaður	52	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld	Mótframlag í lífeyrissjóð	41	Mótframlag í lífeyrissjóð
Bensín vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólksb.)	Niðurfærsla keypts framleiðsluréttar	47	Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01
Birgðaskerðing	54	Birgðabreyting skv. birgðatöflu	Oliur á búvélar	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólksb.)
Birgðaaukning	54	Birgðabreyting skv. birgðatöflu	Pappír, prentun og ritföng	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Bókhaldspjónusta	30	Ýmis aðkeypt þjónusta	Rafmagn	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)
Burðargjöld	29	Flutningskostnaður	Reiðtygi	26	Rekstrarvörur
Búnaðargjald	44	Búnaðargjald	Reiknað endurgjald	39	Reiknað endurgjald
Bústofnsaukning	55	Bústofnsbreyting skv. bústofnstöflu (+/-)	Rekstrar- og hreinlætisvörur í fjósi	26	Rekstrarvörur
Bústofnsskerðing	55	Bústofnsbreyting skv. bústofnstöflu (+/-)	Rekstrarkostnaður fólksbifreiðar	46	Bifreiðakostn. skv. rekstrar. fólksb. RSK 4.03
Dýralæknakostnaður	30	Ýmis aðkeypt þjónusta	Ritföng	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Fasteignagjöld (önnur en af íbúðarhúsnæði)	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)	Rúlluplast, kaðlar o.fl.	26	Rekstrarvörur
Félagsgjöld	45	Félagsgjöld	Sérfræðiaðstoð	30	Ýmis aðkeypt þjónusta
Fjallskil	27	Fjallskil	Sími	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Fjárhúsmottur	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)	Skattar og tryggingar vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólksb.)
Fjármögnunarleiga	34	Tækjaleiga, lausafj., fjármögnunarleiga o.fl.	Sláturkostnaður	28	Sláturkostnaður
Flutningur á mjólk	29	Flutningskostnaður	Smááhöld	26	Rekstrarvörur
Flutningur á rekstrarvörum	29	Flutningskostnaður	Smurningur, frostlögur vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólksb.)
Flutningur á sláturfé	29	Flutningskostnaður	Sæðingargjöld	30	Ýmis aðkeypt þjónusta
Folatollur	30	Ýmis aðkeypt þjónusta	Tamningar	30	Ýmis aðkeypt þjónusta
Fóðurbætur	21	Fóður	Tapaðar viðskiptakröfur (sannanlega)	36	Afskrifaðar viðskiptakröfur
Fóðursalt og lýsi	21	Fóður	Tryggingagjald	42	Önnur launatengd gjöld
Fóðursild, -loðna	21	Fóður	Tryggingar vegna útihúsa	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)
Fræ	23	Áburður og sáðvörur	Tryggingar, aðrar en vegna útihúsa og búvéla	43	Tryggingar
Fyrning ræktunar	47	Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01	Tækjaleiga	34	Tækjaleiga, lausafj., fjármögnunarleiga o.fl.
Fyrning útihúsa	47	Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01	Tölvukostnaður	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Fyrning véla og tækja	47	Almennar fyrningar skv. eignaskrá RSK 4.01	Umbúðir	26	Rekstrarvörur
Girðingaefni	31	Viðhald húsnæðis (útihúsa) og girðinga	Undanrenna	21	Fóður
Grasköggjar	21	Fóður	Útsæði	23	Áburður og sáðvörur
Greitt fæði	40	Laun (greidd laun og hlunnindi)	Varahlutir vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólksb.)
Greitt í peningum (Laun)	40	Laun (greidd laun og hlunnindi)	Verðskerðingargjald	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu
Hálmur	26	Rekstrarvörur	Verkfæri og smááhöld	26	Rekstrarvörur
Heimafengið útsæði	23	Áburður og sáðvörur	Vextir og verðb. af skuldum v. búrekstrar	52	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld
Heitt vatn	32	Annar rekstrarkostnaður húsnæðis (útihúsa)	Viðgerðir á búvélum	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólksb.)
Hestavörur	26	Rekstrarvörur	Viðhald útihúsa, efni	31	Viðhald húsnæðis (útihúsa) og girðinga
Heybindigarn	26	Rekstrarvörur	Viðhald útihúsa, vinna	31	Viðhald húsnæðis (útihúsa) og girðinga
Heyefnagreining	30	Ýmis aðkeypt þjónusta	Pinglýsinga- og stimpilkostnaður	52	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld
Heykaup	22	Heykaup	Þjónustugjöld til banka	52	Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld
Hluti af rekstrarkostnaði bifreiða	46	Bifreiðakostn. skv. rekstrar. fólksb. RSK 4.03	Pvottaefni	26	Rekstrarvörur
Hráolia vegna búvéla	25	Rekstrarkostn. búvéla og bifr. (annarra en fólksb.)			
Hreinlætisvörur í fjósi	26	Rekstrarvörur			
Hundafóður	37	Ýmis annar kostnaður sbr. sundurliðunartöflu			
Íblöndunarefni til votheysgerðar	26	Rekstrarvörur			
Jarðarafgjald	35	Leiga eftir bújörð/Jarðarafgjald			
Keyptar slægjur og beit	24	Slægjur og beit			
Kjarnfóður	21	Fóður			
Leiga eftir bújörð	35	Leiga eftir bújörð/Jarðarafgjald			
Lyf og dýralækniskostn.	30	Ýmis aðkeypt þjónusta			

# rsk.is



Allt sem þú þarft  
að vita um skatta

- barnabætur
- bifreiðahlunnindi
- dagpeninga
- söluhagnað
- lífeyrисиðgjöld
- rafræn skil
- staðgreiðslu
- vaxtabætur
- virðisaukaskatt
- ökutækjastyrk

Starfsmenn ríkisskattstjóra  
veita þjónustu í síma **442-1414**



RÍKISSKATTSTJÓRI